

Danska 10.b. 2025 - 2026

Kennarar: Þórleif Guðjónsdóttir

10

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Áhersla er lögð á að vinna með færniþættina fimm, lestur, hlustun, framsögn, ritun og menningarlæsi.

Unnið verður með þá þætti sem standa nemendum næst, þ.e. um þá sjálfa, nánasta umhverfi þeirra, skólann, fjölskylduna, áhugamál, uppáhaldsmatinn, gæludýr, íþróttir o.s.frv. Það verða hefðbundin vinnubókarverkefni sem innihalda m.a. eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarefni, samræðuverkefni og lesskilning. Ásamt því að vinna skapandi verkefni sem tengja við menningu og lífnaðarhætti í Danmörku. Nemendur skila verkefnum bæði munnlega og skriflega.

Nemendur munu einnig lesa og skrifa texta, horfa á þætti og kvikmyndir, hlusta á tónlist.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Til grundvallar eru valdir kaflar úr bókunum **Smil** og **Ekko**, les- og vinnubók. Ásamt lestrarbókunum **Bordbombe**, **Pinligt** og **Den nye lærer**. Jafnframt verður horft á þættina **Regnet**.

Unnið verður í 6-8 vikna lotum þar sem hver lota hefur ákveðið þema. Í hverri lotu verður unnið með orðaforða tengdan þemanu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Ásamt því verða valdir kaflar úr vinnubókum og skila fjölbreyttum og skapandi verkefnum sem unnin verða bæði í hópum og sem einstaklingar.

Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagð að nemendum eftir þörfum, sumir gera fleiri æfingar á meðan aðrir gera færri. Eins þurfa sumir lengri tíma á meðan aðrir þurfa styttri tíma til að vinna verkefnin. Nemendur fá einnig aðstoð eftir þörfum s.s. hljóðefni. Einstaklingsnámskrá er fyrir þá sem þurfa.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða ýmis verkefni, kynningar og próf, bæði munnleg og skrifleg lögð fyrir þar sem ákveðnir námsþættir eru metnir hverju sinni. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er einnig metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Stuðst verður við leiðsagnarmat og sjálfsmat.

Námsgögn

- Ekko, les- og vinnubók
- Bordbombe
- Pinligt
- Regnet
- Den nye lærer
- Efni frá kennara

- Efni af netinu
- Þættir/kvikmyndir, tónlist ofl.
- Smásögur